

Steinunn Kristjánsdóttir

Ársskýrsla Minjasafns
Austurlands

1996

Steinunn Kristjánsdóttir

Ársskýrsla Minjasafns Austurlands

1996

Skýrslur Minjasafns Austurlands III

1997

© Steinunn Kristjánsdóttir 1997.
Ársskýrsla Minjasafns Austurlands 1996.
Skýrslur Minjasafns Austurlands III.
ISBN

Efnisyfirlit

Inngangur.....	5
Undirbúningur fyrir opnun	5
Vetrarstarfsemi.....	6
Að þreyja þorrann og góuna.....	6
Safnakennsla	7
Þjóðbúninganámskeið	8
Hin árlega jólasýning	8
Sumarstarfsemi	8
Fornleifarannsókn	10
Gestafjöldi.....	12
Útgáfustarfsemi	14
Gjafir.....	15
Styrktaraðilar.....	15
Lokaorð.....	16

Inngangur

Í stofnsamningi Minjasafns Austurlands segir að hlutverk þess sé að safna, skrásetja, forverja og rannsaka minjar um austfirsku búhætti, atvinnulíf og daglegt líf, og veita fræðslu um þær. Forstöðumaður Minjasafnsins á að starfa samkvæmt þessari grein samningsins og reynt hefur verið að fylgja þeim af fremsta megni. Safnið var stofnað fyrir röskri hálfri öld og var sá tími að mestu notaður í að safna og skrá muni. Síðastliðin tvö ár hafa verið notuð til að tölvuskrá munina og forverja þá að því marki sem mögulegt er, auk þess sem söfnun muna hefur haldið áfram samhliða því. Eftir að starfsemi safnsins komst í fastar skorður á vordögum nýliðins árs var farið að huga að þeim þáttum stofnsamningsins sem snúa að rannsóknum og fræðslu. Hér á eftir verður starfsemi safnsins á árinu rakin en þar verður dregið í stuttu máli á ofangreinda þætti.

Undirbúningur fyrir opnun

Unnið var sleitulaust að opnun Minjasafns Austurlands veturinn 1995 -1996. Haustið 1995 fékk safnið styrk úr Atvinnuleysistryggingasjóði til að ráða 3 starfsmenn í 6 mánuði til að flytja gripi safnsins úr geymslum þess í nýbyggt safnahús á Egilsstöðum. Starfsmennirnir hreinsuðu og skráðu einnig gripina eftir að flutningunum lauk. Anna Fía Emilsdóttir, Björn Magni Björnsson og Jóna Óskarsdóttir voru ráðin til verkefnisins, sem þau unnu að til janúarloka. Atvinnuleysistryggingasjóður samþykkti að ósk stjórnar Minjasafnsins að framlengja verkefnið til maíloka 1996 og voru ráðningarsamningar starfsmannanna þá endurnýjaðir.

Úr sýningarsal Minjasafnsins. Ljósmynd: Steinunn Kristjánsdóttir.

Í febrúar var hreinsun, skráningu og flokkun safngripa í eigu safnsins haldið áfram og í mars var hafist handa við uppröðun safngripa í sýningarsal. Auk starfsmannanna þriggja sem ráðnir voru vegna atvinnuátaksverkefnisins var einn smiður, Skúli Magnússon, ráðinn frá janúar til maíloka til þess að sjá um smíðavinnu í sýningarsal safnsins en salurinn var með öllu óinnréttaður. Skúli innréttaði salinn með þiljum, setti upp baðstofu frá Brekku í Hróarstungu, smíðaði og hannaði sérstakan bás undir kumlið sem fannst í Skriðdal síðastliðið haust, og fleira smálegt.

Síðasta mánuðinn fyrir opnun var einn starfsmaður, Einar Þorsteinsson, ráðinn til viðbótar þegar ljóst þótti að ekki tækist að klára undirbúning í sýningarsal fyrir opnun nema með fjölgun starfsfólks. Fjölmarginir aðrir lögðu einnig hönd á plóginn síðustu vikurnar fyrir opnun. Þar er helst að nefna Jódísi Skúladóttur, Önnu Einarsdóttur, Benedikt Þórðarson, Helgu Þorsteinsdóttur, Þórunni Benediktsdóttur, Þórhildi Kristjánsdóttur, Sigurð Mar Halldórsson, Hlyn Halldórsson, Krístrúnu Jónsdóttur, Guðrúnu Kristinsdóttur, Kristbjörgu Gunnlaugsdóttur.

Vetrarstarfsemi

Fyrstu mánuðir ársins voru, eins og áður sagði, að mestu notaðir til undirbúnings fyrir opnun safnsins í lok maí. Þó var reynt að bjóða upp á minni sýningar í samvinnu við Bókasafn Héraðsbúa fyrri hluta árs. Seinni hluta árs var áhersla lögð á safnakennslu handa leik-, grunn-, og framhaldsskólum í Múlasýslum. Skrifstofa safnsins var opin alla virka daga í vetur frá kl. 9-12 og 13-17 en þar var m.a. tekið á móti safngripum og pöntunum í safnakennslu. Krambúðin var opin á sama tíma og sýningarsalur var opin gestum á föstudögum frá kl. 13-17 en hægt var að panta leiðsögn um salinn á öðrum tíma.

Að þreyja þorrann og góuna

Á efri hæð Safnahússins er rúmgóður sýningaskápur, sem er í umsjá Bókasafns Héraðsbúa. Minjasafn Austurlands setti þar upp sýninguna *Að þreyja þorrann og góuna* í byrjun febrúar 1996. Á sýningunni voru sýnd áhöld sem notuð voru til vetrarverka innandyra á sveitabæjum á nýliðnum öldum.

Þorrinn hefst fyrsta föstudag eftir miðjan janúar og endar fyrsta laugardag eftir miðjan febrúar. Þá byrjar Góan en henni lýkur fyrsta mánudag eftir 19. mars. Einmánuður, síðasti mánuður vetrar, tekur síðan við af Góunni. Veðurfar er rysjótt á þessum tíma árs og áður fyrir gekk vetrarforði fólks oft til þurrðar í þessum mánuðum. Lítið var um nýmeti og það fæði, sem til var, varð næringarlítið vegna misjafnra geymsluskilyrða. Það helsta sem fólk hafði úr að moða var súrt slátur, reykt eða saltað kjöt og fiskur, sem ýmist var þurrkaður eða saltaður. Á mörgum bæjum voru mjólkurafurðir af skornum skammti, því íðulega var greitt fyrir leigu og verslunarvarning með smjöri og ostum. Fyrir afurðirnar var keypt kaffi og mjöl í brauð eða grauta. Í dag er þetta ekki síður erfiður tími en á allt annan hátt. Viðhorf til lífsins eru allt önnur.

Ullarvinna var stór hluti vetrarvinnunnar. Allir tóku þá til hendinni, konur, karlar og börn en ullarvinnan fór að mestu fram í baðstofunni. Eftir að ullin hafði verið þvegin var byrjað á því að taka ofan af, þ.e. togið frá þelinu. Síðan var hún kembd, spunnin og tvinnuð. Þá var tekið til við að prjóna eða vefa. Þegar Þorrinn og Góan voru liðin var stutt í bjartari og betri tíma.

Sýningin, sem átti að minna á hvernig fólk lifði áður fyrr á þessum erfiða tíma ársins, teygði arma sína alla leið inn á bókasafn. Þar var gömlum rúmum og áhöldum til inniverka komið fyrir og sýningin gerð meira lifandi. Leikskólabörnum var boðið í heimsókn og þeim sagðar sögur frá liðinni tíð við olíulampaljós.

Safnakennsla

Safnakennsla Minjasafnsins var undirbúin í september og byrjað var að taka á móti pöntunum í hana í byrjun október. Miðað var við að þátttakendur í kennslunni væru börn allt frá leikskólaaldri upp í framhaldsskólanemendur en sent var út bréf í alla skóla á Fljótsdalshéraði og á fjörðunum til kynningar á henni. Í kennslunni fór safnvörður með nemendurnar um sýningarsal safnsins og að því loknu voru þau látin gera verkefni um það sem fyrir augu bar. Verkefnin voru mismunandi eftir aldurshópum.

Leikskólabörnum var sögð saga með söguþræði sem tengdist munum á minjasafninu. Síðan voru léttar spurningar, um söguna og munina, lagðar fyrir börnin. Þau voru að lokum látin svara spurningunum munnlega. Nemendum í 1.-4. bekk voru afhentar teikningar, af munum í sýningarsalnum, sem þau áttu síðan að lita og segja skriflega til um það hvað væri á myndinni.

*Úr sýningarsal Minjasafnsins. Bás tileiknaður Hússtjórnarskólanum á Hallormsstað. Ljósmynd:
Steinunn Kristjánsdóttir.*

Verkefni nemenda í 5. - 8. bekkjum grunnskóla fólust í hópvinnu, þar sem 2-3 nemendur unnu saman við að svara ákveðnum spurningum um muni í sýningarsalnum. Spurt var um heiti nokkurra muna og notkun þeirra. Nemendur í 9. - 10. bekk grunnskóla voru einnig látin vinna í hóp, 2-3 saman. Nemendurnir gátu valið einn grip í sýningarsalnum og sagt skriflega frá honum í stuttu máli, s.s. heiti, aldur, notkun, o.s.frv. Hugmyndalisti var lagður fram til að auðvelda val á efni. Sýningartextinn var

notaður sem heimild, auk þess sem bækur og uppflettirit lágu frammi til heimildaöflunar.

Það var einnig boðið upp á safnakennslu yfir framhaldsskólanemendur. Verkefni þeirra fólst í því að nemendurnir áttu að velja sér einn bás í sýningarsalnum og segja frá honum skriflega, en sýningarsalnum er skipt upp í nokkra bása sem hver og einn tengist mannlífi og búskaparhátum á Fljótsdalshéraði og Borgarfirði eystra. Hugmyndalisti var lagður fram til að auðvelda val á efni með leiðandi spurningum. Nemendum var einnig bent á að nýta sér Héraðsskjalasafnið í kjallara Safnahússins og Bókasafn Héraðsbúa á efri hæð þess í þessu sambandi. Þátttaka í safnakennsluna var mjög góð veturinn 1996-1997. Hana sóttu bæði nemendur af Héraði, sem og frá fjörðunum.

Þjóðbúninganámskeið

Minjasafnið bauð upp á aðstoð í þjóðbúningagerð í vetur. Fyrir áramót voru stutt námskeið í baldýringu og orkeringu í boði en eftir áramót var aðstoðað við saum búningum. Til greina kom að sauma peysuföt, kirtil eða upphlut.

Námskeiðið hófst með kynningarkvöldi í lok október 1996, þar sem efni þess var kynnt. Þá var einnig horft á myndband, þar sem hægt var að fræðast um það hvernig á að klæðast þjóðbúningum kvenna. Gestir kynningarkvöldsins voru einnig upplýstir um það sem nota þarf til að koma sér upp þjóðbúningi, þ.e. um efniskaup, saumaskap og fleira.

Námskeiðið í baldýringu var nokkuð vel sótt en ekki varð af orkeringarnámskeiðinu vegna dræmrar þátttöku. Það var Anna Fía Emilsdóttir sem kenndi að baldíra og leiðbeindi þátttakendum í sambandi við gerð kirtilbúninga og upphluta. Steinunn Kristjánsdóttir leiðbeindi aftur á móti við gerð peysufata.

Hin árlega jólasýning

Hin árlega jólasýning var haldin föstudaginn 13. desember og var vel sótt að vanda. Um 100 gestir komu í heimsókn þennan dag. Tveir jólasveinar komu í heimsókn, þeir Askasleikir og Skyrgámur. Kristrún Jónsdóttir bókavörður las upp jólasveinavísurnar eftir Jóhannes úr Kötlum, jólasveinum og gestum til mikillar skemmtunnar. Börn úr Tónlistarskólanum á Egilsstöðum léku á hljóðfæri meðan á sýningunni stóð og sungu jólalög undir stjórn Jóns Guðmundssonar skólustjóra Tónlistarskólans á Egilsstöðum. Boðið var upp á nýbakaðar lummur, sem runnu ofan í gesti í vetrarkuldanum.

Sumarstarfsemi

Sýningarsalur safnsins var opnaður formlega á annan í hvítasunnu. Skrifstofa safnsins var opin virka daga frá kl. 9 til 17 í sumar og sýningarsalur var opin milli kl. 11 og 17 alla daga vikunnar. Kaffisala og krambúð, með minjagripum, gjafavöru og gamaldags sælgæti, var opin á opnunartíma sýningarsalar og var hún vel sótt. Síðasti opnunardagur sumarsins var 31. ágúst.

Margt var í boði fyrir sýningargesti á sumaropnunartíma safnsins. Á sunnudögum unnu eldri borgarar á Egilsstöðum við tóvinnu í baðstofunni frá Brekku. Börn gátu fengið að prófa að spinna, tvinna eða kemma með aðstoð þeirra og fengið árituð diplom fyrir. Í baðstofunni var einnig sýnt hvernig sauðskinnskór voru gerðir, kveðnar rímur og jurталитun sýnd. Þá var ullin, sem unnin var í baðstofunni, lituð.

Á laugardögum var boðið upp á hestakerruferðir í nágrenni safnsins. Ferðirnar voru aðallega ætlaðar börnum en þær voru ekki síður vinsælar fyrir fullorðna. Það voru 86 gestir sem fengu sér reiðtúr um Lómatjarnarsvæðið við Safnahúsið sumarið 1996.

Safnið bauð ennfremur upp á fimm gönguferðir með leiðsögn á sögufræga staði sumarið 1996. Gönguferðirnar voru fyrir fólk á öllum aldri. Fyrsta sögugangan var farin 12. júní og þá gengið í Taglarétt, gamla fjárrétt sem stendur við bakka Eyvindarár í landi Miðhúsa, undir leiðsögn Eddu Björnsdóttur. Réttin er mjög sérstök og huga þyrfti nánar að varðveislu hennar.

Boðið er upp á hestakerruferðir á laugardögum. Ljósmynd: Steinunn Kristjánsdóttir

Næsta ferð var farin þann 26. júní undir leiðsögn Ingibjargar Hallgrímsdóttur á Freysnes en þar er mikið af fornum minjum. Meðal annars er þar að finna tvö langhús, trúlega frá víkingaöld, og fjölda annarra minni rústa sem margar hverjar liggja saman í einni þyrpingu. Langhúsin standa hæst á svæðinu, annað þeirra vísar á Múlann í Skriðdal en hitt á Múlann í Fljótsdal. Útsýnið er því sérstakt frá rústunum en útlit þeirra minnir á verslunarstað eða þingbúðir. Þessar minjar hafa enn ekki verið rannsakaðar en eru friðlýstar.

Þann 10. júlí var farið í þriðju gönguna, nú á Gálgás inni í Egilsstaðabæ. Það var Jón Ingi Sigurbjörnsson sem sagði frá þessum gamla aftökustað og rifjaði upp söguna af Valtý á grænni treyju.

Áætlað var að fara í tvær ferðir til viðbótar, í Kjarvalshvamm í Hjaltastaðapinghá, þar sem Kjarval bjó og málaði margar mynda sinna, og að kumlstæðinu í Skriðdal. Reiknað var með að fara í ferðirnar með rútu en þær voru felldar niður, því ekki náðist saman nægur fjöldi fólks í rúturnar. Annars voru stuttu sögugöngurnar mjög vel sóttar.

Fornleifarannsókn

Minjasafn Austurlands fékk styrk frá Rannsóknarráði Íslands að upphæð kr. 600.000,- til að standa að forkönnun á fornleifum á Fljótshéraði. Markmiðið með forkönnuninni var að aldurs- og hlutverkagreina nokkrar þekktar rústir á svæðinu en auk þess er ætlunin að velja einn stað til frekari rannsókna. Rannsókn fór fram á sjö stöðum og gekk mjög vel. Eftirtaldir staðir voru kannaðir: Atlavíkurstekkur við Hallormsstað í Vallahreppi, Þórsnes í Egilsstaðahreppi, Brennistaðir í Eiðáþinghá, Geirsstaðir í Tunguhreppi, Slútagerði í Hlíðarhreppi, Miðhús í Egilsstaðahreppi og Hraundalur í Hjaltastaðáþinghá.

Samkvæmt munnmælum og rituðum heimildum átti rústin í Atlavík að vera bær frá landnámsöld og rústin á Þórsnesinu var sögð vera þingstaður frá sama tíma. Brennistaðir og Slútagerði eru báðir tengdir fundi kumla frá heiðnum sið og Miðhús var tengt landnámsöld vegna víkingaaldarsilfursjóðs sem fannst þar. Hvað Hraundal snertir sögðu munnmælasögur að á staðnum væru leifar sels en Geirsstaðir voru með öllu óþekktir.

Rústir ofantalinna staða voru kannaðir með þrenns konar aðferðum. Rústir á Atlavíkurstekk, Þórsnesi, Brennistöðum, Geirsstöðum og Slútagerði voru fyrst og fremst kannaðar með könnunarskurðum en einnig með jarðbors- og yfirborðskönnunum. Rústirnar í landi Miðhúsa voru tvenns konar og voru aðrar þeirra kannaðar með jarðbors- og yfirborðskönnunum en hinar eingöngu kannaðar með jarðbor, þar sem þær voru ekki sjáanlegar á yfirborði jarðar. Rústirnar á Hraundal voru einungis kannaðar með yfirborðskönnun.



Skúli Magnússon við rannsókn á Þórsnesi. Ljósmynd: Steinunn Kristjánsdóttir. MA96 F4/22.

Rústirnar eru mismargar á hverjum stað. Í Atlavík, á Þórsnesi og Geirsstöðum er aðeins ein rúst á hvorum stað en um þær allar liggur hlaðinn garður. Á Brennistöðum eru rústirnar fjórar talsins, auk garða, en aðeins ein þeirra var könnuð ítarlega í rannsókninni. Í Slútagerði eru einnig fjórar rústir, girtar með hlöðnum túngarði. Á Miðhúsum eru þrjár rústir með garðbroti. Á Hraundal eru margar rústir á að minnsta kosti þremur stöðum í dalnum. Aðeins eitt rústasvæðanna, með fjórum rústum, var kannað í þetta skiptið með yfirborðskönnun. Þessar rústir eru kallaðar Möngutættur og er þetta eini staðurinn af sjö þar sem ekki vottar fyrir túngarði.

Niðurstöður forkönnunarinnar eru mjög athyglisverðar. Rústin, sem könnuð var ítarlega á Brennistöðum, er eina íveruhúsið frá landnámsöld sem fannst við rannsóknina. Rústin á Atlavíkurstekki er án efa frá þessum tíma en hún hefur sennilega aldrei borið þak og er því að öllum líkindum einhverskonar griparétt. Rústin á Þórsnesi er af íveruhúsi en staðurinn hefur að öllum líkindum farið í eyði um miðja 15. öld. Rústin er mjög áhugaverð til frekari rannsókna, því sennilega hefur ekki verið búið lengur þar en í eina til tvær aldir og fá bæjarstæði frá miðöldum hafa verið rannsökuð hérlandis með einungis eitt byggingarstig.

Slútagerðisbæjarstæðið er líklega mjög gamalt að grunni til en erfitt að segja til um hversu gamalt það er. Þar hefur trúlega verið búið fram til aldamótanna 1800 að minnsta kosti og verið getur að bæjarstæðið hafi þá verið flutt nokkra kílómetra í vestur og norður. Erfitt yrði að fá fram mynd af byggingum í Slútagerði frá öllum tímaskiðum búsetu þar, því efsta og yngsta byggingin skemmir þau eldri sem undir eru. Ef rúst I yrði grafinn upp kæmi sennilega lítið annað í ljós en bygging frá 18. öld, þó það sé út af fyrir sig áhugavert efni.

Eins og komið hefur fram voru rústir á Miðhúsum og á Hraundal ekki kannaðar eins ítarlega og þær rústir sem sagt er frá hér að ofan. Niðurstöður frá þessum tveimur stöðum eru því ekki eins áreiðanlegar og niðurstöður frá hinum stöðunum fimm. Hlutverk og aldur rústanna á Miðhúsum er ekki ljós enn sem komið er en stærsta rústin á Hraundal er mjög sennilega leifar sels. Aldur þess er óþekktur. Af gróðri á rústunum öllum að dæma eru þær allar ekki samtíða og sennilega hefur þar verið bæjarstæði í fyrstu, mögulega frá fyrstu búskapartíð á Íslandi. Rannsókn á staðnum myndi án efa varpa nýju ljósi á búsetu í afdölum á íslenskri fornöld.

Hér hefur enn ekki verið sagt frá rústinni á Geirsstöðum en það er sú rúst sem kemur til með að verða rannsóknarefni Minjasafns Austurlands sumarið 1997. Á Geirsstöðum fannst kirkjurúst frá 10. öld en hingað til hafa ekki fundist kirkjur hér á landi sem hafa verið reistar fyrir lögtöku kristinnar á Alþingi árið 1000. Án nokkurs efa má leiða líkur að því að aðdragandi kristnitökunnar hafi verið langur og flókinn, og að kristnu trúboði á Íslandi hafi ekki lokið fyrr en löngu eftir árið 1000. Heiðnin og kristnin hafa líklega lifað hlið við hlið í nokkurn tíma hér á landi en til að komast í raun um þetta verður að rannsaka kristnar og heiðnar fornleifar mun betur en áður hefur verið gert með þetta að leiðarljósi, því í fornleifunum eru geymdar einu samtímaheimildirnar um aðdraganda og þróun fyrstu trúskiptanna á Íslandi.

Það voru Guðrún Kristinsdóttir, Skúli Magnússon og Björn Magni Björnsson sem aðstoðuðu undirritaða við uppgraftravinnu, auk þess sem heimamenn aðstoðu á flestum rannsóknarstöðunum. Magnús Sigurgeirsson og Þorbjörn Rúnarsson, jarðfræðingar, aðstoðuðu við gjóskugreiningar, Eva Klonowski sá um beinagreiningu, Alf Bråthen tók að sér viðargreiningar og kolefnisaldursgreiningar fóru fram hjá Beta Analytic Inc. í Flórída.

Undirbúningur og uppgraftravinna vegna könnunarrannsóknarinnar stóð yfir frá miðjum júlímánuði til loka ágúst mánaðar. Eftir það tók við úrvinnsla gagna og

skýrslugerð. Undirrituð fékk afnot af skrifstofu hjá Háskóla Íslands í Reykjavík frá september til desember til að vinna að gerð skýrslunnar. Skýrslan um rannsóknina, *Landnámsbær, kirkja, rétt...*, var síðan gefin út af Minjasafni Austurlands í febrúar 1997.

Gestafjöldi

Upplýsingar um gestafjölda á safninu árið 1996 er að finna í gestabókum safnsins. Starfsmenn safnsins reyna af fremsta megni að láta alla þá, sem líta þangað inn, skrifa í gestabókina. Gestabókin geymir ekki aðeins upplýsingar um fjölda gesta, heldur einnig upplýsingar um þjóðerni og kyn gestanna. Jafnframt er hægt að leita upplýsinga um búsetu og aldur þeirra. Auk þess sýnir gestabókin meðal annars hvaða dagar vikunnar eða mánuðir ársins eru vinsælastir til að skoða safnið eða hvort sérstakar uppákomur laði að gesti, og svo framvegis.

Snemma árs 1997 var ákveðið leita eftir samstarfi við ferðaþjónustubraut Menntaskólans á Egilsstöðum til að vinna upplýsingar úr gestabókum safnsins og kanna þannig hvernig best væri að haga starfsemi á safninu í framtíðinni. Það kom síðan í hlut Sigríðar Sigþórsdóttur að vinna verkeið fyrir Minjasafnið, undir stjórn Kristínar Bjargar Snæþórsdóttur. Verkefnið varð lokaverkefni Sigríðar af ferðaþjónustubraut vorið 1997.

Úr skýrslu Sigríðar Sigþórsdóttur. Bls. 5.

Samkvæmt niðurstöðum Sigríðar skráðu samtals 4555 gestir sig í gestabók safnsins á nýliðnu ári.¹ Gestirnir komu frá 30 löndum, þar með talið Íslandi. Önnur lönd eru Danmörk, Noregur, Svíþjóð, Færeyjar, Finnland, Þýskaland, Frakkland, England, Ítalía, Holland, Belgía, Spánn, Bandaríkin, Kanada, Ástralía, Sviss, Austurríki, Pólland, Tékkland, Skotland, Tæland, Argentína, Puerto Rico, Japan, Indland, Írland,

¹ Sigríður Sigþórsdóttir: *Gestakomur í Minjasafn Austurlands*. Menntaskólinn á Egilsstöðum 1997. Bls 11.

Grænland, Ísrael og Nýja-Sjáland. Í prósentum talið voru 92% gestanna frá Íslandi eða 4193 talsins.² Næstir voru Þjóðverjar 1,91% eða 87 gestir.

Flestir erlendu ferðamannanna komu á laugardögum á safnið en fimmtudagar voru vinsælastir meðal Íslendinga. Miðvikudagar voru óvinsælastir til skoðunarferða á safnið en ef á heildina er litið eru annars flestir dagar vikunnar nokkuð jafnir hvað gestakomur snertir. Það kom nokkuð á óvart þar sem boðið var t.d. uppá hestakerruferðir á laugardögum. Yfir sumartímamann komu flestir gestanna á sunnudögum, enda unnu eldri borgarar þá við tóvinnu í baðstofunni frá Brekku. Munurinn á milli vikudaganna er þó sáralítill.³

Úr skýrslu Sigríðar Sigþórsdóttur. Bls. 10.

Flestir sóttu safnið heim í júlímánuði árið 1996. Í viku 28 náði gestafjöldinn hámarki en það er önnur vikan í júlí. Í þeirri viku komu samtals 422 gestir á safnið. Gestabókin sýndi einnig að aðalannatíminn hefst í 22. viku og honum lýkur í 35. viku, en þetta tímabil nær nánast yfir sumaropnunartíma safnsins. Í fyrstu og síðustu vikunum voru fáir gestir á safninu.⁴

Á opunardegi sýningarinnar *Að þreyja þorrann og góuna*, 2. febrúar 1996, komu margir gestir í safnahúsið. Þá komu 104 gestir í heimsókn en á aðeins einum öðrum degi á árinu komu fleiri gestir á safnið. Það var þann 13. júlí. Þá komu 142 gestir í heimsókn. Þennan dag komu einnig flestir erlendu gestanna.⁵ Annars komu 286 gestir á sýningu safnsins á efri hæð Safnahússins, sem látin var standa uppi fram að opnun aðalsýninga safnsins í lok maí.

² Sigríður Sigþórsdóttir: *Gestakomur í Minjasafn Austurlands*. Menntaskólinn á Egilsstöðum 1997. Bls 18-19.

³ Sigríður Sigþórsdóttir: *Gestakomur í Minjasafn Austurlands*. Menntaskólinn á Egilsstöðum 1997. Bls 3.

⁴ Sigríður Sigþórsdóttir: *Gestakomur í Minjasafn Austurlands*. Menntaskólinn á Egilsstöðum 1997. Bls 18-19.

⁵ Sigríður Sigþórsdóttir: *Gestakomur í Minjasafn Austurlands*. Menntaskólinn á Egilsstöðum 1997. Bls 3.

Frá október til ársloka komu 326 gestir og munar hér mestu um nemendur sem komu í safnakennsluna en einnig var tekið á mótí nokkrum hópum í leiðsögn. Um 100 manns komu á jólasýninguna 13. desember, 1996. Flest íslensk söfn eru lokuð í septembermánuði ár hvert vegna sumarleyfa starfsmanna þeirra en einnig vegna árlegrar ráðstefnu félagsmanna í Félagi íslenskra safnamanna. Þannig var það einnig á Minjasafni Austurlands.

Það vakti athygli hversu margir Egilsstaðabúar komu og skoðuðu safnið á fyrsta opunarári þess. Samtals 1627 gestanna voru frá Egilsstöðum en samkvæmt íbúaskrá voru Egilsstaðabúar 1642 talsins, þann 1. desember 1996. Þessi könnun, sem gerð var á gestabókum safnsins, leiddi einnig í ljós að mjög margir gestanna voru af höfuðborgarsvæðinu en fæstir komu frá Vestfjörðum. Þeir voru svipað margir og erlendu gestirnir.⁶

Sigríður reyndi að sjá út aldur gestanna, samkvæmt þjóðskrá, og komst að því að fullorðið fólk heimsækir safnið mikið meira heim en yngra fólk. Hún miðaði við það að gestir 13 ára og yngri voru börn, en fullorðnir voru 14 ára og eldri. Hlutfall gesta eftir aldri, samkvæmt staðli Sigríðar, er þannig að fullorðnir gestir safnsins voru 3117 en börn voru 1438 talsins.⁷ Það vakti einnig athygli að konur virðast sækja safnið meira heim en karlmenn. Samtals komu 2496 konur á safnið á árinu en 2059 karlmenn. Þessi munur er mikill og erfitt að skýra hann. Kannski eru konur samviskusamari við að skrifa í gestabókina en það er alltaf talsvert margir sem gleyma að skrifa í hana að lokinni heimsókn.

Rétt er að geta þess að ritgerð Sigríðar Sigþórsdóttur, *Gestakomur í Minjasafn Austurlands*, er að finna í skjalasafni Minjasafns Austurlands en þar er hægt að glugga nánar í hana.

Útgáfustarfsemi

Árið 1996 gaf Minjasafnið út litla leiðsögubók, *Safnvísi*, sem ætluð er gestum safnsins. Í henni eru leiðbeiningar um hvernig best sé að skoða sýningarsalinn, auk greina um sérstaka bása sem þar eru. Útgáfa bókarinnar var styrkt með auglýsingum fyrirtækja á Fljótsdalshéraði. Safnið lét einnig hanna litabók með teikningum af gripum sem fundust í kumlinu í Skriðdal. Það var ungur listamaður, Katrín Ósk Sigurbjörnsdóttir frá Þingmúla í Skriðdal, sem gerði teikningarnar og seldist litabókin mjög vel. Safnið lét prenta 10 tegundir af póstkortum, eina gerð af gjafakorti, veggspjald og auglýsingapésa á árinu.

Í október gaf safnið út lítið fréttabréf um starfsemi þess veturinn 1996-1997 sem borið var út á Fljótsdalshéraði. Á árinu voru einnig birtar nokkrar greinar eftir forstöðumann safnsins. Þar er helst að nefna fjórar greinar í Byggðasöguriti Austfirðinga, *Múlapingi*, um merka gripi í eigu safnsins en ársskýrsla Minjasafnsins fyrir árið 1995 birtist þar einnig og mun sá háttur hafður á áfram. Jafnframt var ein grein birt í *Glettingi*, tímariti um austfirsk málefni, um starfsemi Minjasafnsins á árinu 1996. Tímaritið *Iceland Review* birti einnig eina grein, *No Common Grave*, eftir forstöðumann í júníhefti blaðsins um kumlið í Skriðdal og Eiðfaxi birti samskonar grein í apríl 1996.

⁶ Sigríður Sigþórsdóttir: *Gestakomur í Minjasafn Austurlands*. Menntaskólinn á Egilsstöðum 1997. Bls 4.

⁷ Sigríður Sigþórsdóttir: *Gestakomur í Minjasafn Austurlands*. Menntaskólinn á Egilsstöðum 1997. Bls 4.

Gjafir

Mikill fjöldi gjafa bárust Minjasafninu á árinu 1996 og aldrei áður hafa jafnmargar gjafir borist safninu á einu ári. Skráðar gjafir frá þessu fyrsta opunarári safnsins eru 885 talsins og enn eftir að skrá hluta þeirra. Flestar gjafirnar bárust safninu á sumaropnunartíma þess. Líta má á það sem merki um það hve brýnt var orðið að opna minjasafn eða byggðasafn á Fljótsdalshéraði. Svo virðist sem að íbúar svæðisins hafi beðið með gjafir sínar þar til opnun safnsins varð að veruleika.

Mörg nöfn eru á gjafalista ársins en þar er helst að nefna systkinin Huldu og Stefán Jónsbörn frá Freyshólum á Völlum, Árna Sigfússon frá Giljum á Jökuldal, afkomendur Þorsteins Sigurðssonar fyrrverandi lækni á Egilsstöðum, Ólöfu Sölvadóttur frá Unaósi í Hjaltastaðahá og Sigrúnu Jónsdóttur á Hafrafelli í Fellahreppi. Árni Sigfússon mun þó hafa gefið fleiri gripi til safnsins en nokkur annar. Skráðir munir frá Giljum eru nú 370 talsins og til stendur að setja upp sérstakan bás tileinkaðan Árna og bræðrum hans frá Giljum á Jökuldal.

Nokkrir sérstæðir munir bárust safninu á árinu. Þar er helst að nefna sverð, eða svonefndan sýslumannskorða, frá lokum 18. aldar. Sverðið fannst á þekktri gönguleið á Möðrudalsöræfum á fyrri hluta síðustu aldar. Það hefur verið í eigu sömu ættarinnar, þar til það var gefið á safnið. Þá var það í vörslu Halldórs Sigurðssonar á Akureyri og afhenti hann safninu sverðið á opunarhátíð þess á Hvítasunnu 1996. Blað sverðsins er úr jární, skreytt hlaupandi hjartarkálfum, en hjöltu þess eru mynduð úr hjartarhöfðum úr látúni. Meðalkaflinn er úr hjartarhorni. Með sverðinu fylgdu slitrur af slíðri úr eik. Sverðið hefur nú verið aldursgreint út frá skreytingum og lögum. Það er frá síðari hluta 18. aldar og voru slík sverð oftast í eigu embættismanna. Til gamans má geta þess að Hans Wíum sýslumaður er sagður hafa átt eitt slíkt sverð og vitað er til að hann hafi verið á ferð um Möðrudalsöræfin árið 1760. Hver veit nema að hann hafi tapað korða sínum í þeirri ferð.

Á haustdögum 1996 barst Minjasafninu nýuppgerð dráttarvél af gerðinni International Harvester W4, árgerð 1944, frá Guðmari Ragnarssyni á Hóli í Hjaltastaðahá. Guðmar hafði þá nýlokið við að gera hana upp en hún barst safninu að gjöf frá honum vorið 1995. Vélin var upphaflega keypt til Loðmundarfjarðar og er ein af fyrstu dráttarvélunum sem notaðar voru á Austurland. Vélin er nú sem ný, í fullkomnu lagi, og með sama útlit og hún hafði þegar hún var keypt frá útlöndum árið 1945.

Styrktaraðilar

Ekki er hægt að ljúka við skýrsluna á þess að geta allra þeirra sem styrktu safnið á árinu með einum eða öðrum hætti. Í fyrsta kafla skýrslunnar voru þeir taldir upp sem unnu sem sjálfbóðaliðar að opnun safnsins og ennfremur þeir sem leiðsögðu gestum í sögugöngum safnsins. Eldri borgarar á Egilsstöðum, Þórólfur, Gunnhildur, Ólafur, Gróa, Guðrún, Laufey, Kristjana, Fjóla, Rakel, Ingibjörg, Þórhallur, Helga, Árni, Ragnheiður, Helga Björg, Hallveig, Stefán og Magnús, gáfu einnig vinnu sína í baðstofunni frá Brekku, og jafnframt Guðbjörg Jóhannesdóttir sem sýndi jurталitun, Ingólfur Njálsson sem kvað rímur í baðstofunni og Petra Björnsdóttir sem sýndi sauðskinnskógerð. Þórey Hannesdóttir, Þórhildur Kristjánsdóttir og Ingibjörg

Hallgrímsdóttir leystu ennfremur af í afgreiðslu nokkra daga í sumar. Hesturinn, Gjafar, var fenginn að láni frá Brekku í Fljótsdal vegna hestakerruferðanna.

Aðrir styrktaraðilar voru Atvinnuleysisstryggingasjóður, Rannsóknarráð Íslands, sem styrkti fornleifarannsókn, Kaupfélag Héraðsbúa sem styrkti uppgerð á dráttarvél, Skógrækt ríkisins gaf lerki úr Hallormsstaðaskógi í bás undir kumlið frá Skriðdal, Verkalyðsfélag Fljótsdalshéraðs gaf öryggisgler á áðurnefndan bás, Kvenfélagið í Fljótsdal gaf safninu bollastell í kaffisölu þess, Kvenfélagið Bláklukka veitti safninu pening til að kaupa áhöld einnig í kaffisöluna, Nói Sírius gaf safninu krukkur undir sælgæti í krambúðinni, Ingunn Ásdísardóttir lánaði borð og stóla í anddyri Safnahússins og Kaupfélag Héraðsbúa gaf safninu afgreiðslukassa.

Lokaorð

Það er óhætt að segja að það hafi verið líf og fjör í Safnahúsinu á Egilsstöðum allt árið 1996. Ennfremur sóttu fleiri gestir safnið heim en búist var við í fyrstu. Ekki var ljóst á vordögum 1996 hvort hægt yrði að opna safnið almenningi á tilsettum tíma, þrátt fyrir mikla vinnu starfsmanna við merkingu og uppröðun gripa í sýningarsalinn. Það hafðist þó allt að lokum með hjálp vina og vandamanna starfsmannanna.

Haugbúinn úr Skriðdal kom með flugi aftur austur á heimaslóðirnar í maí en mikill tími fór í að undirbúa komu hans. Honum var búinn staður í miðjum sýningarsalnum, í umgjörð úr lerki úr Hallormsstaðaskógi. Það þurfti einnig að innrétta sýningarsalinn með öllu því sem tilheyrir sýningum safna og inni í salnum var heil baðstofa reist á fáeinum mánuðum. Baðstofan er upprunanlega frá Brekku í Hróarstungu og er stærsti sýningargripur safnsins.

Anna Fía Emilsdóttir var ráðin til starfa við safnið, sem fastur starfsmaður, eftir að atvinnuátaksverkefninu lauk í maí. Starfshlutfall hennar var 100% meðan á sumaropnun stóð en 75% á öðrum tíma ársins. Hún sá um safnakennslu, afgreiðslu og námskeið síðustu fjóra mánuði ársins en forstöðumaður sinnti skipulagi, stjórnun og fjárreiðum safnsins. Á haustmánuðum september til desember vann forstöðumaður, auk þess, að gerð skýrslu vegna fornleifarannsókn á vegum safnsins.

Öllum þeim sem komu nálægt opnun safnsins, styrktu það með einum eða öðrum hætti, eru hér með færðar bestu þakkir.